

Nr. 18-018 S 010 Akurey AK 10***Fékk í skrúfuna og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2890
IMO: 9756327
Utgerð: HB Grandi hf
Smíðaður: Tyrkland 2016, stál
Stærð: 1827,4 bt
Mesta lengd: 54,75 m Skráð lengd: 51,77 m
Breidd: 13,5 m Dýpt: 8,2 m
Vél: M.A.N 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Akurey©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgangur á fundi 1. febrúar 2019 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. febrúar 2018 var Akurey AK 10 á togveiðum á Jökultungu. Veður: 25-30 m/s og mikill sjór.

Þegar skipið var á veiðunum fékk það veiðarfærið í skrúfuna en skuttogarinn Ottó N. Þorláksson RE 203 dró Akurey til hafnar í Reykjavík. Við komuna þangað var trollið losað og skipið tekið í slipp til að skoða mögulegar skemmdir. Í ljós kom að einungis var skemmd á einu skrúfublaði.

Við rannsókn kom fram:

- að trollið hafði festst í botni og skipið var stöðvað en í framhaldi rann bakborðs togvírinn stjórnlaust út. Eftir að u.þ.b. 1000 fm af vír hafði runnið út tókst skipverjum að stöðva hann með því að setja hann fastan með keðjuvasa. Þegar átti að hífa svo aftur með spilinu sló því alltaf út og kom þá í ljós að bremsan á því hafði bilað og orðið óvirk;
- að erfiðlega gekk að hífa bakborðsvírinn þar sem spilinu sló sló alltaf út. Einungis náðist inn um 600 fm eftir mikið bras en þá reyndist trollið laust úr botni og skipið orðið laust. Trollið var þá hift inn á öðrum endanum og þegar það var komið inn að stærstum hluta fór hinn hluti þess í skrúfuna;
- að skipið var á um tveggja hnúta ferð áfram þegar verið var að taka inn veiðarfærið;

- að skipstjórinn taldi mögulega ástæðu þess að trollið fór í skrúfuna vera þá að þegar trollið var að koma upp rennuna festist hlerinn sem ennþá var úti, skipið sennilega stöðvast og jafnvel farið aðeins afturábak án þess að hann hefði veitt því athygli;
- að auk þess sem bremsan slitnaði togspilinu þá kom í ljós að rafbúnaður sem stýrir straum inn á spilið hafði einnig bilað.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að bakborðs togspilið bilaði eftir að veiðarfærið festist í botni.